

Skipulagsstofnun
b/t Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 5. júlí 2019
UST201903-179/A.B.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn vegna Jarðstrengur - Þjónustumiðstöð Þingvöllum – rafhleðslustöð - Viðbótarumsögn

Umhverfisstofnun veitti umsögn dags. 1. apríl sl., varðandi erindi Skipulagsstofnunar, dags. 19. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna lagningar 11 kV háspennustrengs í Þjóðgarði Þingvalla. Þann 7. maí sl., fór fulltrúi Umhverfisstofnunar ásamt fulltrúa RARIK í vettvangsferð þar sem strengleiðir voru skoðaðar.

Fyrri niðurstaða

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 1. apríl sl., segir að svæðið sé innan þjóðgarðsins og framkvæmdin feli í sér óafturkræft risk á jarðminjum og ekki hafi verið fjallað nægilega vel um aðra valkosti og mótvægisáðgerðir í tillögunni. Þar með var það mat stofnunarinnar að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar væru óljós og gæti hún valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Nýr valkostur strengleiðar

Þann 7. maí sl., fór fulltrúi Umhverfisstofnunar ásamt fulltrúa RARIK í vettvangsferð þar sem strengleiðir voru skoðaðar.

Samkvæmt nýjum upplýsingum hefur framkvæmdaraðili ákveðið að fara ekki frá mælipunkti 252 norðan megin með Þingvallaveginum niður í jarðstöð við þjónustumiðstöð með tilheyrandi óafturkræfu riski á jarðminjum, heldur leggja jarðstrenginn undir veginn og fara sunnan megin og að jarðstrengur verður lagður helst í vegfláa í samráði við Vegagerðina.

Umhverfisstofnun bendir á að sunnan megin við vegin eru jarðminjar og töluvert birki og bendir stofnunin á að þar sem ekki er hægt að forðast risk á náttúruminum er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif

framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allur frágangur sé unnin í samstarfi við fulltrúa Þjóðgarðsins og starfsfólk garðsins fylgst með hvort gróður náí sér á strik.


Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur